

lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 25 900,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald, kr. 25 900,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 185 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 1 246 000,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarþúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. jan. 1985. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 118, 22. febr. 1984 og heildsölugjaldskrá nr. 194 24. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 9. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

EKKI skal innheimt gjald af leyfum fyrir bensíni og brennsluólúm, sem falla undir tollskrárnúmer 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70, svo og flutningsgjöldum af þessum vörum, né af leyfum fyrir fiskiskipum sem teljast til tollskrárn. 89.01.51 — 89.01.59.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 8. janúar 1985.

Mathias Á Mathiesen.

Þórhallur Ásgeirsson.